

12.fundur hreppnefndar Árneshrepps haldinn föstudaginn 29.desember kl. 10:00 í fjarfundi. Mætt voru Úlfar Eyjólfsson Krossnesi, Arinbjörn Bernharðsson Norðurfirði, Bjarnheiður J. Fossdal Melum 1, Eva Sigurbjörnsdóttir Djúpvík og 1.varamaður Sólveig Rögnvaldsdóttir Melum 2.

Dagskrá fundarins;

1. Umfjöllun um samkomulag Sambands ísl. Sveitarfélaga við ríkið um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk sem felst í hækkun útsvarsálagningar vegna fjármögnunar á þjónustu við fatlað fólk, Fyrir liggur samkomulag á milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, varðandi fjármögnun þjónustu við fatlað fólk og hækkun útsvarsálagningar, ennfremur mun tekjuskattsálagning lækka um samsvarandi prósentu svo að heildarálogur á skattgreiðendur munu ekki hækka.

Eftirfarandi tillaga var lögð fram á fundinum;

“Með vísan til ákvæða varðandi breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk í fyrirliggjandi samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga, dags. 15.12.2023, er byggir á breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem samþykkt var á Alþingi 15.12.2023, samþykkir sveitarstjórn Árneshrepps að álagningarhlutfall útsvars fyrir árið 2024 hækki um 0,23% og verði 14,97%.”

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:45.